

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags frístundarbyggðar á
Tunguási í Jökulsárhlíð



Indriði Skarphéðinsson & Bjarni F. Einarsson
2019


Forsíðumynd: Kolagröf innan um grenitré á Tunguás í Jökulsárhlið.
(Ljósmynd. IS.2019)

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

Indriði Skarphéðinsson & Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Kraftaverk ehf
Ágúst 2019

Inngangur

Dagana 21. 22. og 27 ágúst fór starfsmaður á vegum Fornleifastofunnar að kanna fornleifar vegna breytinga á deiliskipulagi frístundarbyggðar á Tunguá í landi Hallgeirsstaða í Jökulsárhlíð. Verkið var unni fyrir Kraftaverk ehf. Tunguás er ás innan við Hallgeirsstaði á stendur á milli Fossár og Krakalækjar. Austurhlíð Tunguáss er að hluta þakinn þykkum birkiskógi og ofan á ásnúm eru melar og klettar. Hallgeirsstaðir er eitt af elstu lögbýlum í Jökulsárhlíðinni og hefur áður verið nefnt Hallgilsstaðir (Ármann Halldórsson, 1974, bls. 227)



Mynd 1, Afmarkað svæði á Tunguás sem skráningin náði yfir.

Skráning


Við skráninguna var farið í gegnum ýmsar heimildir, þær voru Sveitir og Jarðir í Múlaþingi, Sýslu og Sóknarlýsingar Múlasýslna, Svæðisskráningu á menningarminjum í Jökuldals- og Hlíðarhrepp, Árbók Ferðafélags Íslands 2008 og Jarðatal Johnsen. Einnig var farið yfir skrá um friðlýstar fornleifar, minjasjá Minjastofnunar Íslands og Örnefnaskrá Hallgeirsstaða.

Í heildina er svæðið sem skráningin náði yfir hátt í 80 hektarar og skógi vaxið að stórum hluta. Gengið var yfir allt svæðið og minjar skráðar og mældar upp með Trimble Juno 5. Svæðiskönnunin gekk að mestu leiti vel upp þó að skóglendið hafi verið krefjandi og hægt nokkuð á skráningarmanni. Í töflu 1 má sjá lista yfir skráðar minjar en þær voru ekki nema þrjár. Í fylgiriti skýrslunnar má svo finna ítarlega skrá yfir minjarnar.

Nr.	13	14	15
Tegund	Rúst	Kolagröf	Heimild um rétt
Fjöldi	1	1	1
Hættumat	Framkvæmdir	Framkvæmdir	Framkvæmdir
Hætta	Talsverð	Talsverð	Lítill
Ástand	Sæmilegt	Sæmilegt	-
Aldur	1550-1900	1550-1900	1550-1900
Minjagildi	Talsvert (6)	Lítið (3)	Talsvert
Varðveislugildi	Talsvert (6)	Lítið (3)	Talsvert
Friðlýst?	Nei	Nei	Nei
Mótvægisaðgerðir	Engin	Engin	Engin

Tafla 1. Skráðar minjar á Tunguás

Við fornleifaskráningu á Tunguás voru skráðar þrjár minjar, þær voru rúst (13), kolagröf (14) og heimild um rétt (15). Minjar nr. 13 og 14 voru mældar upp en ekki nr. 15 þar sem aðeins er um heimild að rétt að ræða en ekki sjáanlega rétt.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af skráðu svæði

Rústin sem hefur skráningarnúmerið 13 er staðsett neðst í Tunguásnum stutt frá vesturbakka Fossár, á lóð Tunguás 10 skv. deiliskipulagshugmynd nokkru neðar en sumarbústaður sem þar stendur. Rústin stendur á litlu engjastykki sem afmarkast af Fossánni austan megin og blönduðum birkiskóg vestan megin. Í úttekt sem gerð var á svæðinu vegna deiliskipulags frístundarbyggðar að Tunguási í Jökulsárhlíð af þáverandi Minjaverði Austurlands, Huldu Sigurdís Þráinsdóttur, er þessi rúst tilgreind og er hún talin vera fjárhús með sambyggðri heytóft (Bréf frá Minjaverði Austurlands, Huldu Sigurdís Þráinsdóttur, til Guðjóns Þórarinssonar 8. febrúar 2005). Rústin liggur austur-vestur og skiptist í tvö misstór rými, stærra rýmið (A) er austan megin í henni og minna rýmið (V) er vestan megin í henni. Inngangur er í rými A sunnan megin og sitthvoru megin við innganginn ganga tveir samsíða garðar út úr rústinni til suðurs. Garðarnir eru um 8-9 m á lengd og er um 2.5-3 m bil á milli þeirra. Rústin var metin hafa talsvert minja- og varðveislugildi og fékk einkunnina 6.

Kolagröfin sem hefur skráningarnúmerið 14 er niðurgroftur sem er staðsettur í litlum lundi á lóð Tunguás 10 stutt sunnan og austan við sumarbústað sem stendur á lóðinni. Niðurgrofturinn er óreglulegur hringur sem er um hálfur meter á dýpt og er þvermál hans um 2.5-3 m. Á börmum niðurgraftarins standa sjö stærðarinnar grenitré sem umlykja hann alveg. Kolagröfin var metin hafa lítið minja- og varðveislugildi og fékk einkunnina 3.



Mynd 3, Fornleifar nr. 13 & 14 merktar á mynd

Þriðju minjarnar sem skráðar voru hafa skráningarnúmerið **15** og er það heimild um rétt. Í örnefnaskrá Hallgeirsstaða kemur fram að fremst á Tunguás séu klettur sem nefnast Fremri- og Ytri-Réttarklettur. Þetta örnefni er líka skráð í svæðisskráninguna Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norðu-Múlasýslu og fékk þar númerið NM-111:002 (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, 1999). Ytri- og Fremri-Réttarklettur eru innan þess svæðis sem fornleifaskráningin nær yfir en ekki eru sjáanleg nein ummerki um rétt eða aðrar minjar á svæðinu í nágundan við klettana. Þessar minjar voru metnar hafa talsvert minja- og varðveislugildi.



Mynd 4, Fremri- og Ytri-Réttarklettur

Niðurstöður

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda nér úr stað færa nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar samkvæmt lögum. Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og friðuðum fornleifum fylgir 15 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum (22.gr.). Ekki eru neinar friðlýstar fornleifar á svæðinu sem fornleifaskráningin nær yfir. Tvær uppmældar fornleifar sem metnar eru 100 ára eða eldri eru þó á svæðinu en þær hafa skráningarnúmer **13** og **14**. Ef fara á í einhverjar framkvæmdir á svæðinu skal það haft í huga að þarna séu friðaðar fornleifar og þeirri friðhelgi sem þeim fylgir. Minjar nr. **15** eru ekki sjáanlegar en líkur eru þó á því að þær séu í nágrenni Fremri- og Ytri-Réttarkletta. Ef jarðrask er áætlað í nágrenni þeirra þarf að leit leyfist Minjastofnunnar Íslands sem ákvarðar hvort þörf sé á mótvægistaðgerðum.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða til efnisgeymslu af einhverju tagi nema með leyfi Minjastofnunar Íslands og með eða án skilmálum sem stofnunin kann að setja. Er minnt á 15 metra friðhelgt svæði í kringum friðaðar fornleifar.

Heimildarskrá:

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripri úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1874.

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874.* Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi.* Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.

Hjörleifur Guttormsson. (2008). *Úthérað ásamt Borgarfirði eystra, Víkum og Loðmundafirði.* Ferðafélag Íslands Árbók 2008. Prentsmiðjan Oddi. Reykjavík

Örnefnaskrá. Hallgeirsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Örnefnasafn.

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu.* Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Fljótsdalshérað Nr. 13-15.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

13

Sýsla

N-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshérað

Tákntala

Hverfi

Landareign

Hallgeirsstaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Indriði Skarphéðinsson

Dags.

27.08.19

GPS Staðsetning

A 705006.4 N 564236.4

Viðmiðun

ISN93

M.y.s.

Skekkja

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Fjárhús og heytótt

Verk

Tunguás 19

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Sæmilegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Nei

Tímab. hættumat

Framkvæmdir

Tímab. hætta

Talsverð

Merkja?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

6

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

6

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Rústin stendur stutt frá vesturbakka Fossár á litlu engi á lóðinni Tunguás 10 nokkuð neðan við sumarbústað sem stendur á lóðinni.

Heimildir og munnmæli


Bréf frá Huldu Sigurdís Þráinsdóttur Minjaverði Austurlands til Guðjóns Þórarinssonar. 8. febrúar 2005.

Lýsing

Rúst.

Rústin liggur austur-vestur og ganga tveir garðar út úr henni til suðurs. Rústin er um 6x4 m á stærð, veggghæð er frá um 0.2-0.8 m og er mesta breidd veggja um 2 m. Rústin skiptist í tvö rými (A) austan- og (V) vestanmegin í henni. A-rýmið nokkuð stærra en það er um 2x3 m að innanmáli en V-rýmið um 1.5x2 m. Inngangur er inn í A-rýmið sunnan megin en inngangur í V-rýmið er illgreinanlegur en virðist vera á milli A- og V-rýmis. Garðarnir sem ganga út úr rústinni eru sitthvoru megin við inngangin inn í A-rýmið. Garðarnir eru samsíða, um 2.5-3 m bil er á milli þeirra og eru þeir um 8-9 m á lengd. Árið 2005 þegar þáverandi minjavörður, Hulda Sigurdís Þráinsdóttir, skoðaði svæðið með tilliti til fornleifa voru þetta einu minjarnar sem voru taldar vera á svæðinu. Í bréfi frá Huldu vegna málsins kemur fram að rústin sé talin vera fjárhús með sambyggðri heytótt.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja

Fornleifaskrá

Aðalnr.

14

Sýsla

N-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshérað

Tákntala

Hverfi

Landareign

Hallgeirsstaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Indriði Skarphéðinsson

Dags.

27.08.19

GPS Staðsetning

A 704938.6 N 563176.8

Viðmiðun

ISN93

M.y.s.

Skekkja

Tegund minja

Kolagröf

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Tunguás 19

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Skógrækt

Talsverð

Sæmilegt

1550-1900

Nei

Framkvæmdir

Talsverð

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Niðurgrofturinn er staðsettur í litlum lundi innan um 7 stór grenitré sem plantað hefur verið í barma hans. Er á lóð Tunguásar 10, stutt sunnan og austan við sumarbústað sem stendur á lóðinni

Heimildir og munnmæli

Munnlegar heimildir ábúanda, Benedikt Hrafnkelsson, f.1953
Árbók Ferðafélags Íslands *Úthérað*, 2008, bls. 270

Lýsing

Kolagröf.

Niðurgroftur, líklegast kolagröf sem er mest um hálfur metri á dýpt. Niðurgrofturinn er óreglulegur hringur og er þvermál hans um 2.5-3 m. Kolagrafir þekkjast á svæðinu í kring en samkvæmt Árbók ferðafélags Íslands 2008 eru þekktar kolagrafir víða í kjarrlenda Hrafnabjargaása og utar í Neðralandi. En þessir staðir eru innan og neðan við Tunguás. Samkvæmt Ábúand á Hallgeirsstöðum hefur lengi verið vitað að þarna sé kolagröf.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja

Fornleifaskrá

Aðalnr.

15

Sýsla

N-Múlasýsla

Sveitarfélag

Fljótsdalshérað

Tákntala

Hverfi

Landareign

Hallgeirsstaðir

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Indriði Skarphéðinsson

Dags.

27.08.19

GPS Staðsetning

Viðmiðun

M.y.s.

Skekkja

Tegund minja

Heimild um rétt

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Fjöldi

Tunguás 19

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Aldur

1550-1900

Í eyði

Nei

Tímab. hættumat

Framkvæmdir

Tímab. hætta

Lítill

Merkja?

Nei

Minjagildi

Talsvert

Einkunn

-

Varðveislugildi

Talsvert

Einkunn 2

-

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Klettarnir eru staðsettir neðarlega og innarlega í Tunguás fremst í landi Hallgeirsstaða.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá um Hallgeirsstaði (Eiríkur Eiríksson).
Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu, Svæðisskráning, Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands, 1999.
Munnlegar heimildir ábúanda, Benedikt Hrafnkelsson, f.1953

Lýsing

Heimild um rétt:

Í örnefnalýsingu Hallgeirsstaða kemur fram að fremst á Tunguás séu klettur sem nefnast Fremri- og Ytri-Réttarklettur. Þessi örnefni voru skráð í svæðisskráninguna: *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu*. Í því riti fékk örnefnið Réttarklettur númerið NM-111:002. Ekki eru sjáanleg ummerki um rétt á svæðinu við klettana né kannast ábúendur við rétt á þessu svæði.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

-

Filma nr./teg. myndar

-

Athugasemdir

Ef jarðrask er áætlað á staðnum þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar hvort frekari mótvægisaðgerða er þörf.